

AUGLÝSING**um bann við veiði göngusilungs á Eyjafirði.**

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net á Eyjafirði á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Eyjafjarðarsýslu, frá mörkum við Akureyri að mörkum við Ólafsfjörð. Allar netaveiðar fyrir silung eru þannig bannaðar á firðinum vestanverðum, tvo kílómetra frá ströndinni, á fyrrgreindu tímabili.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkv. lögum nr. 76/1970. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

SAMÞYKKT**fyrir veiðifélag Ormarsár.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Ormarsár. Heimili þess og varnarþing er Norður-Þingeyjarsýsla.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Ormarsá í Norður-Þingeyjarsýslu, en þær eru Ormarslón, Krossavík I, Krossavík II, Kollavík, Óttarsstaðir, Lækjamót Heiðarmúli, Hrauntangi, Efri-Hólar, Presthólar, Hrauntún, Katastaðir, Grasgeiri, Hóll og Vogur.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.